



Umsókn um athafnasvæði á Eyrarbakka

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegur 2
800 Selfoss

Eyrarbakki 8. Maí 2019

Kæra Bæjarstjórn Árborgar,

Í kjölfar fundar Davíðs Kristján Guðmundssonar, bæjarstjóra og bæjarfulltrúa óskar David the Guide ehf. kt. 640517-0930 eftir úthlutun á landsvæði Árborgar, vestan megin við Eyrarbakka, til uppbyggingar á svokölluðu **Svitahofi** (sjá frekari skýringu að neðan) og þjónustu því tengdu. Sjá meðfylgjandi skjal um umrætt svæði og merkingar.

Svitahof: eða “Sweat” er margra alda gömul hefð indjana norður-mið og suður ameríku til að heila líkama og sál.

Í kjölfar fundar Davíðs Kristján Guðmundssonar, bæjarstjóra og bæjarfulltrúa Árborgar, lýstu síðarnefndu yfir velvild til verkefnisins og er sameiginlegur áhugi og vilji til að stuðla að frekari uppbyggingu á svæðinu. Þar sem rætt var um að stiðja við félagið með úthlutun á stærra landsvæði svo byggja megi upp frekari aðstöðu til að iðka megi bæði andlega og líkamlega ferðamennsku, auk gistingu og frekari þjónustu því tengdu.

Verkefnið er þróunar verkefni, þar sem fyrsta skrefið er úthlutun á umræddu landi. Með því er hægt að hefja frekari uppbyggingu, t.a.m. með því að byggja sérstök tjöld, sem eru varanleg í þeim skilningi að ekki er um hefðbundin útileigtutjöld um að ræða, þar sem ferðamenn, jafnt innlendir og erlendir, geta sofði í. Auk þess sem halda megi frekari Svitahof, rætt var um svokallaða Jóga daga, og margs konar viðburði sem hægt væri að bjóða upp á með slíkri aðstöðu. Eins og áður sagði, þá er verkefnið á byrjunarstigi, og því óljóst hvað þjónusta eða viðburðir muni ná föfestu, en svo að mögulegt sé að láta á það reyna, þá er úthlutun á landi grundvöllur þess að frekari uppbygging geti átt sér stað á svæðinu. Umsækjandi ítrekar að allur kostnaður við aukna uppbyggingu og umfang fellur á umsækjanda, o.þ.a.l. aðstaðan verði í umráðum umsækjanda sem og eign hans.

Umsækjandi hefur mikla trú á svæðinu og telur að skapa megi úrsvals þjónustu af þessu tagi, sem er ekki eingöngu vinsæl á Íslandi. Slík heilsu-tengd þjónusta getur því ekki einungis verið bæjarfélaginu til sóma, heldur einnig fyrirmynd fyrir önnur bæjarfélög sem/og um hvernig stiðja megi við einstaklingsframtakið og betri heilsu, auk þessa góð viðbót í flóru ferðamennsku á svæðinu.

Hér með er óskað eftir opinberu leyfi bæjarstjóra, bæjarfulltrúa og bæjarstjórnar Árborgar til að hefja ofangreint ferli.

Með fyrirfram þökk

f.h. David The Guide ehf (640517-0930)

Davíð Kristján Guðmundsson